

**Leiðbeiningar fyrir lögmenn við skriflegan og munnlegan málflutning fyrir
EFTA-dómstólnum**

Leiðbeiningar fyrir lögmennt við skriflegan og munnlegan málflytning fyrir EFTA-dómstólnum

Inngangur

Vera má að lögmennt séu ókunnugir málsmeðferð fyrir EFTA-dómstólnum þar sem hún er frábrugðin réttarfari aðildarríkjanna.

Tungumál EFTA-dómstólsins er enska. Þar af leiðandi eru allar ákvarðanir og skýrslur framsögumanna ritaðar á ensku. Í málum þar sem dómstóllinn veitir ráðgefandi álit eru þau þýdd yfir á það tungumál sem notað er fyrir þeim dómstóli sem beðið hefur um álit.

Ýmsir alþjóðlegir samningar gilda um starfsemi dómstólsins. 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins mælir fyrir um stofnun dómstólsins og lýsir meginhlutverki hans. Hins vegar liggur Samningur milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér eftir „SED“) til grundvallar formlegri stofnun dómstólsins. Bókun 5 við SED hefur að geyma stofnsamþykkt dómstólsins. Á grundvelli SED, voru málsmeðferðarreglur dómstólsins (hér eftir „málsmeðferðarreglurnar“) settar og samþykktar af EFTA-ríkjunum.

Málsmeðferðin er jafnan sniðin eftir sambærilegri málsmeðferð fyrir dómstóli Evrópusambandsins (hér eftir „dómstóll ESB“) og almenna dómstóls Evrópusambandsins, (hér eftir „almenni dómstóllinn“) sem einnig eru staðsettir í Lúxemborg. Í dómnum eiga þrjú dómara sæti. Þeir eru tilnefndir af EFTA-ríkjunum og er dómurinn ávallt fullskipaður.

Nýjar málsmeðferðarreglur dómstólsins tóku gildi 1. ágúst 2021. Þetta var fyrsta meiriháttar endurskoðun málsmeðferðarreglnanna frá stofnun dómstólsins. Leiðbeiningar fyrir lögmennt hafa því verið uppfærðar til samræmis við nýju málsmeðferðarreglurnar.

A. Almenn atriði

1. Mismunandi gerðir og stig málsmeðferðar fyrir dómstólnum

Tvenns konar málarekstur fer fram fyrir dómstólnum:

- (1) bein málshöfðun
- (2) beiðni um ráðgefandi álit

Bein málshöfðun hefst með framlagningu stefnu hjá dómstólnum af hálfu EFTA-ríkis, eftirlitsstofnunar EFTA, einstaklings eða lögaðila (sjá 31., 32., 36. og 37. gr. SED). Beiðni um *ráðgefandi álit* er lögð fram hjá EFTA-dómstólnum af dómstóli aðildarríkis og varðar túlkun á EES-rétti, sem hluti af málarekstri fyrir dómstólnum í aðildarríkinu (sjá 34. gr. SED).

Málsmeðferð fyrir dómstólnum er tvíþætt: skrifleg og munnleg (18. gr. stofnsamþykktar EFTA-dómstólsins). Skrifleg málsmeðferð felst í að senda málsaðilum orðsendingu um stefnur, greinargerðir, málsvarnir og athugasemdir og svör, ef við á, svo og pappíra og skjöl til stuðnings. *Munnleg málsmeðferð* felst í málflutningi fyrir dómstólnum, þar sem lögmennt og umboðsmenn setja fram mál sitt munnlega.

Dómritari skal tilkynna ríkisstjórnnum EFTA-ríkjanna, eftirlitsstofnun EFTA, Evrópusambandinu (ESB-ríkjum) og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um sérhvert mál sem lagt er fyrir dómstólinn (20. gr. stofnsamþykktarinnar). Þessum aðilum er heimilt að leggja fram greinargerðir eða skriflegar athugasemdir fyrir dómstólinn og taka þátt í munnlegum málflutningi. Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins taka í raun þátt í allri efnislegri málsmeðferð fyrir dómstólnum.

2. Fyrirsvar

a. Bein málshöfðun

Samkvæmt 17. gr. stofnsamþykktarinnar skulu lögræðingar að jafnaði vera í fyrirsvari fyrir aðila. Umboðsmenn eru í fyrirsvari fyrir EFTA-ríkin, eftirlitsstofnun EFTA, aðildarríki Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn ESB (almennt er vísað til þeirra sem „ríki og stofnanir“ og þau skilgreind sem „hagsmunaaðilar“ í f-lið 1. gr. málsmeðferðarreglnanna) en lögmennt sem hafa heimild til að reka

mál fyrir dómstólum í EFTA- eða ESB-ríki verða að vera í fyrirsvári fyrir aðra aðila.

Skilyrðið um að lögfræðingur sé í fyrirsvári fyrir aðila á ekki við varðandi umsóknir um gjafsókn (sjá A.4.) og í sumum tilvikum, þegar leitað er ráðgefandi álits (sjá 3. mgr. 91. gr. málsmeðferðarreglnanna).

Lögmenn skulu leggja fram skilríki sem staðfestir að þeir hafi heimild til að reka mál fyrir dómstóli í ríki sem er aðili að EES-samningnum. Ljósrit af leyfisbréfi er nægilegt í þessu skyni, en því verður þó að fylgja þýðing á ensku ef frumskjalið er á öðru máli. Lögmaður aðila verður einnig að láta dómstólnum í té skjal, yfirleitt í formi umboðs, sem staðfestir að viðkomandi lögmaður hafi heimild til að koma fram fyrir hönd þess aðila sem hann eða hún kveðst vera í fyrirsvári fyrir (100. gr. málsmeðferðarreglnanna). Þessi skjöl skal leggja fram á ensku, eða ásamt enskri þýðingu.

b. Beiðni um ráðgefandi álit

Reglur um fyrirsvár eru lítillaga frábrugðnar við meðferð mála um ráðgefandi álit. Hver sá sem heimild hefur til að vera í fyrirsvári fyrir aðila fyrir dómstóli aðildarríkis getur fengið heimild til að vera í fyrirsvári fyrir EFTA-dómstólnum. Ef ekki er gerð sú krafa, samkvæmt málsmeðferðarreglum hins álitsbeiðandi dómstóls, að lögmaður sé í fyrirsvári, er aðila því heimilt að koma fram fyrir eigin hönd (3. mgr. 91. gr. málsmeðferðarreglnanna).

Við meðferð mála um ráðgefandi álit er skilyrðinu um framlagningu umboðs vikið til hliðar, hvað málsaðila varðar, þar sem gert er ráð fyrir að hinn álitsbeiðandi dómstóll hafi sannreynt réttindi og samþykkt lögmenn aðila. Hafi, hins vegar, verið leitað til annars lögmanns sérstaklega, vegna meðferðar málsins fyrir EFTA-dómstólnum, er umboðs krafist.

3. Tungumál

Opinbert tungumál dómstólsins er enska. Það þýðir að (i) vinnutungumál dómstólsins er enska og (ii) að enska er tungumálið sem notast er við í öllum málum. Enska er því notuð við alla málsmeðferðina þar á meðal umfjöllun dómara, ákvarðanir og bókanir dómstólsins (1. mgr. 29. gr. málsmeðferðarreglnanna).

Enska skal notuð við skriflegan og munnlegan hluta málsmeðferðar, nema mælt sé fyrir um annað (2. mgr. 29. gr. málsmeðferðarreglnanna). Öll fylgiskjöl skal leggja fram á ensku, annars skal ensk þýðing fylgja þeim. Dómstóllinn getur

veitt undanþágu eða heimilað að einungis sé lögð fram þýðing á útdrætti (3. og 4. mgr. 29. gr. málsmeðferðarreglnanna).

Við *beina málshöfðun* getur dómstóllinn, ef nauðsyn krefur, heimilað aðila eða meðalgönguaðila, að þeirra beiðni, að ávarpa dómstólinn við munnlegan málflutning á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða Evrópusambandsríkis. Sú undanþága á ekki við um skriflega málsmeðferð. Ennfremur skal beiðni um framangreint sett fram að minnsta kosti *þremur vikum fyrir* munnlega málsmeðferð (5. mgr. 29. gr. málsmeðferðarreglnanna), en helst mun fyrr. Þetta á ekki við um hagsmunaaðila, eins og þeir eru skilgreindir í f-lið 1. mgr. 1. gr. málsmeðferðarreglnanna.

Við meðferð mála um *ráðgefandi álit* er álitsbeiðandi dómstóli heimilt að setja fram beiðni um ráðgefandi álit og fylgiskjöl á eigin tungumáli. EFTA-dómstóllinn skal sjá til þess að beiðnin verði þýdd á ensku (1. mgr. 30. gr. málsmeðferðarreglnanna). Aðilum málsins sem rekið er fyrir álitsbeiðandi dómstóli er einnig heimilt að leggja skjöl fyrir EFTA-dómstólinn á því tungumáli sem notað er við málsmeðferðina fyrir þeim dómstól sem í hlut á (2. mgr. 30. gr. málsmeðferðarreglnanna).

Aðilum máls fyrir álitsbeiðandi dómstóli er heimilt að ávarpa EFTA-dómstólinn og vera ávarpaðir á því tungumáli sem notað er við málsmeðferðina fyrir þeim dómstóli sem í hlut á, að því skilyrði uppfylltu að aðili sem óskar eftir því að notfæra sér þann kost tilkynni dómritara það að minnsta kosti þremur vikum áður en munnleg málsmeðferð hefst, og helst mun fyrr (4. mgr. 30. gr. málsmeðferðarreglnanna). Að meginstefnu verða aðrir aðilar að ávarpa dómstólinn og hlýða á dómstólinn á ensku. Þar af leiðandi skal munnlegur málflutningur EFTA-ríkja, ESB-ríkja, eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar ESB fara fram á ensku.

Í raun kjósa þeir sem koma fyrir dómstólinn almennt að nota ensku og á það einnig við um þá sem eiga rétt á að nota annað tungumál. Þegar enska er notuð verður túlkun óþörf og það stuðlar að lipurri og óþvingaðri málsmeðferð. Sá ávinningur sem lögmenn njóta af því að geta beitt móðurmáli sínu tapast ennfremur að mestu leyti við túlkunina. Almennt er því mælt með vel undirbúnum munnlegum málflutningi á ensku (sjá nánar um munnlegan málflutning undir lið C.4).

Dómar í málum um ráðgefandi álit eru kveðnir upp á ensku og á því tungumáli sem notað er við málsmeðferð fyrir dómstóli aðildarríkis. Báðar tungumálaútgáfurnar eru jafngildar.

4. Málskostnaður og gjafsókn

a. Málskostnaður

Málsmeðferð fyrir EFTA-dómstólnum er endurgjaldslaus í þeim skilningi að ekkert gjald eða þóknun er greitt til dómstólsins. Málskostnaður sá sem vísað er til í 120. til 128. gr. málsmeðferðarreglnanna tekur til „endurkræfs kostnaðar“, þ.e. þóknun umboðsmanna aðila, ráðgjafa eða lögmanna, þ.m.t. ferðakostnaður og uppihald, sem og kostnaður vitna og sérfræðinga (126. gr. málsmeðferðarreglnanna).

Við *beina málshöfðun* er þeim sem tapar máli gert að greiða málskostnað, sem felur í sér að hann verður að bera eigin kostnað og kostnað annarra aðila málsins. Ríkisstjórnir og stofnanir, sem hafa skilað skriflegum athugasemdum, bera eigin kostnað. Dómstóllinn getur, með tilliti til aðstæðna, kveðið á um að aðilar beri hver sinn málskostnað, að hluta eða öllu leyti, eða jafnvel að sá sem vinnur mál skuli bera málskostnað gagnaðila. Til að málskostnaður verði dæmdur verður sá sem vinnur málið að hafa gert kröfu þess efnis í kröfugerð sinni. Ef málskostnaðar er ekki krafist ber hver aðili sinn kostnað (121. gr. málsmeðferðarreglnanna).

Við meðferð mála um *ráðgefandi álit* á ákvörðun um málskostnað undir álitsbeiðandi dómstóli (96. gr. málsmeðferðarreglnanna). Í áliti sínu vísar EFTA-dómstóllinn því einfaldlega til ákvörðunar þess dómstóls aðildarríkis sem sent hefur beiðnina. Þar af leiðandi skulu ríkisstjórnir og stofnanir, sem bera fram skriflegar eða munnlegar athugasemdir, en eru ekki aðilar í málinu sem rekið er fyrir dómstóli aðildarríkisins, bera eigin kostnað.

b. Gjafsókn

Í 1 mgr. 49. gr. málsmeðferðarreglnanna er mælt fyrir um gjafsókn. Aðili getur hvenær sem er sótt um gjafsókn til dómstólsins ef hann eða hún „að hluta eða að öllu leyti er ófær vegna eigin fjárhags um að standa undir kostnaði af málarekstri fyrir dómstólnum“. Umsókn um gjafsókn má leggja fram án tillits til tegundar málsóknar eða málsmeðferðar. Til að sýna fram á að viðkomandi sé ófær um að standa undir kostnaði af málarekstrinum verður aðilinn að veita dómstólnum allar nauðsynlegar upplýsingar, þ. á m. vottorð valdbærs stjórnvalds þar um.

Þegar sótt er um gjafsókn fyrir upphaf málsmeðferðar, verður aðilinn að lýsa álitaefninu stuttlega svo að dómstóllinn geti metið hvort málsóknin sé

tilefnislaus eða ekki. Fyrirsvar lögmanns er ekki nauðsynlegt þegar sótt er um gjafsókn.

Veiting gjafsóknar kemur ekki í veg fyrir að gjafsóknarhafa verði gert að greiða málskostnað þegar það á við.

B. Skrifleg málsmeðferð

1. Tilgangur skriflegrar málsmeðferðar

Hvort sem um er að ræða beina málshöfðun eða beiðni um ráðgefandi álit er tilgangur skriflegrar málsmeðferðar hinn sami, þ.e. að upplýsa dómstólinn ítarlega um málsatvik, málsástæður og lagarök aðila ásamt kröfugerð. Lögð er áhersla á að skriflegur hluti málsmeðferðarinnar er *meginhluti málsmeðferðarinnar* fyrir EFTA-dómstólnum. Tilgangur munnlegs hluta málsmeðferðarinnar er að styðja við skriflegan málflutning, en ekki að koma í stað hans.

2. Framkvæmd skriflegrar málsmeðferðar

Skriflegur hluti málsmeðferðarinnar fer eftir því hvernar tegundar málsóknin er.

Við *beina málshöfðun* getur hver málsaðili lagt fram tvö málsskjöl. Stefnandi leggur fram stefnu og getur lagt fram andsvör, en stefndi á rétt á að leggja fram greinargerð og gagnsvör (101. - 109 gr. málsmeðferðarreglnanna).

EFTA- og ESB-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafa heimild til að leggja fram skriflegar athugasemdir fyrir dómstólinn innan tveggja mánaða frá tilkynningu dómritara (20. gr. stofnsamþykktar EFTA-dómstólsins). Við meðferð mála um ráðgefandi álit á þetta einnig við um aðila aðalmeðferðar (1. mgr. 90. gr. málsmeðferðarreglnanna).

Í báðum tilvikum getur dómstóllinn óskað eftir frekari skriflegum upplýsingum eða athugasemdum frá aðilum málsins.

3. Framlagning málsskjala

Öll málsskjöl skal senda skrifstofu dómstólsins til skráningar í samræmi við 54. gr. málsmeðferðarreglnanna. Frumrit skal undirritað af lögmanni viðkomandi aðila. Öll skjöl sem byggt er á skulu lögð fram sem viðaukar viðkomandi málsskjals, ásamt lista yfir fylgiskjölin.

Mælst er til þess að notast sé við rafræna málaskráningarkerfið e-EFTACourt við framlagningu málsskjala, þar sem það er öruggasta og skilvirkasta leiðin til

að koma skjölum til skila. Hægt er að útbúa aðgang með því að heimsækja vefsíðuna <https://eftacourt.int/e-eftacourt/> og skrá þar nauðsynlegar upplýsingar. Að skráningu lokinni berst eyðublað í tölvupósti, sem verður að prenta, undirrita og senda skrifstofu dómstólsins ásamt afriti af gildum skilríkjum með bréfaþósti á eftirfarandi heimilisfang:

EFTA Court
- Registry -
1, rue du Fort Thüngen
L-1499 Luxembourg

Öllum spurningum um skráningarferlið skal beina til skrifstofu dómstólsins með tölvupósti á netfangið registry@eftacourt.int.

Einnig má leggja fram málsskjöl hjá skrifstofu dómstólsins með tölvupósti (registry@eftacourt.int). Ef notast er við slíka sendingarmáta verður undirritað frumrit skjalanna ásamt fylgiskjölum að berast dómstólnum eigi síðar en 10 dögum þar á eftir (7. mgr. 54. gr. málsmeðferðarreglnanna).

Við beina málshöfðun skal leggja fram frumrit allra málsskjala og allra fylgiskjala fyrir dómstólinn, ásamt fimm staðfestum afritum fyrir tilkynningar til aðila (sjá B.5), eitt afrit fyrir hvern aðila málsins.

Mælst er til þess að notast sé við sendiboða eða annars konar ábyrgðarpóst þegar dómstólnum eru send frumrit. Hafi frumritin ekki borist innan 10 daga lítur dómstóllinn svo á að málsskjölin hafi ekki verið lögð fram á sendingardegi tölvupósts.

4. Lengd málsskjala

Hámarksblaðsíðufjöldi hvers málsskjals er sem hér segir:

- 50 blaðsíður fyrir stefnu og greinargerð;
- 25 blaðsíður fyrir andsvör og gagnsvör;
- 20 blaðsíður fyrir frávísunarkröfur og athugasemdir við þær;
- 20 blaðsíður fyrir athugasemdir meðalgönguaðila og 15 blaðsíður fyrir athugasemdir við þær;
- 50 blaðsíður fyrir skriflegar athugasemdir sem settar eru fram í samræmi við 20. gr. stofnsamþykktar EFTA-dómstólsins.

Nota skal algenga leturgerð fyrir textann (t.d. Times New Roman, Courier eða Arial), og skal letrið ekki vera smærra en 12 punktar fyrir meginmál og minnst 10 punktar fyrir neðanmálgreinar, með línubili 1,5 og minnst 2,5 cm spássú, bæði lárétt og lóðrétt (efst, neðst, vinstra og hægra megin á blaðsíðunni).

Heimild til að fara fram úr hámarkslengd skjala er aðeins veitt í málum sem fela í sér sérstaklega flókin lagaleg álitamál eða málsatvik.

5. Tilkynningar og birting

a. Viðtakendur

Við *beina málshöfðun* er þeim aðilum sem málið varðar m.a. birt eftirfarandi skjöl: stefnur, greinargerðir, andsvör, gagnsvör, beiðnir um bráðabirgðaráðstafanir, meðalgöngustefnur og skriflegar athugasemdir.

Skýrsla framsögumanns, ásamt tilkynningu um munnlegan málflutning, og ákvörðun dómstólsins eða dómur er send aðilum aðalmeðferðarinnar, sem og öllum EFTA- og ESB-ríkjum, Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn ESB.

Tilkynningar um beiðni um *ráðgefandi álit* frá dómstólum EFTA-ríkja eru sendar aðilum málsins fyrir dómstóli aðildarríkisins, EFTA- og ESB-ríkjum, Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn ESB (37. gr. málsmeðferðarreglnanna). Skriflegar athugasemdir sem lagðar eru fram í málum þar sem beið er um ráðgefandi álit eru sendar öllum aðilum sem heimilt er að leggja fram athugasemdir samkvæmt 20. gr. stofnsamþykktar EFTA-dómstólsins.

Við meðferð mála um ráðgefandi álit er ekki útbúin skýrsla framsögumanns. Ákvörðun dómstólsins eða dómur eru send aðilum aðalmeðferðarinnar, sem og öllum EFTA- og ESB-ríkjum, Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn ESB.

b. Birtingaraðferðir

Dómstóllinn birtir skjöl með rafrænum hætti ef því verður við komið og aðilar máls fyrir dómstólnum eru beðnir um að gefa upp netfang sem nota má við birtingu, auk heimilisfangs. Hafi viðtakandi ekki samþykkt birtingu í gegnum e-EFTA Court kerfið, eru málsskjöl sem fela í sér upphaf fresta birt með ábyrgðarpósti, í kjölfar birtingarinnar með tölvupósti. **6. Frestir**

Málsmeðferðarfrestir eru reiknaðir samkvæmt 39. - 43. gr. málsmeðferðarreglnanna.

a. Birting skjala

Upphaf fresta reiknast frá birtingardegi, sem telst þó ekki með (a-liður 1. mgr. 39. gr. málsmeðferðarreglnanna).

b. Framlenging fresta

Alla fresti, sem málsmeðferðarreglurnar kveða á um, má lengja (1. mgr. 42. gr. málsmeðferðarreglnanna). Þetta gildir þó ekki um hvers kyns fresti samkvæmt SED eða stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins, sérstaklega með tilliti til tímafresta um upphaf málsmeðferðar (36. og 37. gr. SED) eða framlagningu málsskjala (20. gr. stofnsamþykktarinnar). Forseta er í undantekningartilfellum heimilt að lengja frest til að leggja fram greinargerð enda hafi komið fram rökstudd beiðni þar um frá stefnda (3. mgr. 107. gr. málsmeðferðarreglnanna). Rökstudd beiðni verður að hafa verið sett fram hæfilega löngu áður en tímafresturinn sem kveðið hefur verið á um rennur út.

Forseti tekur ákvarðanir um allar umsóknir um framlengingu fresta.

7. Bein málshöfðun

a. Stefnur við beina málshöfðun

Stefnu skal gera úr garði eins og lýst er í 100. og 101. gr. málsmeðferðarreglnanna. Athygli er vakin á því að 1. mgr. 101. gr. er framfylgt af nákvæmni. Sé ekki farið eftir ofangreindum reglum og öðrum ófrávíkjanlegum kröfum kann það að leiða til frávísunar málsins vegna formannmarka.

Ef skjölin sem vísað er til í 100. gr., 2. mgr. 101. gr. og 103. gr. málsmeðferðarreglnanna eru ekki lögð fram, skal dómritari gefa viðkomandi aðila hæfilegan frest til þess. Ef viðkomandi aðili lætur hjá líða að leggja fram nauðsynleg gögn innan tilskilins frests skal dómstóllinn ákveða hvort stefnan sé ótæk vegna formannmarka í ljósi þess að kröfum um málsmeðferð hafi ekki verið fylgt. (105. gr. málsmeðferðarreglnanna).

Í stefnu skulu koma fram öll málsatvik og lagarök sem réttlæta málsókn. Stefnan markar einnig umfang málsmeðferðarinnar. Að meginstefnu til er óheimilt að hafa uppi nýjar málsástæður og lagarök nema því aðeins að þau séu byggð á

lagalegum atriðum eða staðreyndum sem fyrst verða kunnar meðan á málsmeðferðinni stendur (110. gr. málsmeðferðarreglnanna).

b. Samantekt málsástæðna og lagaraka

Æskilegt er að öll málsskjöl innihaldi samantekt, mest tvær blaðsíður að lengd, þar sem fram koma málsástæður og lagarök sem byggt er á. Samantektin tryggir að málsástæður og lagarök sem byggt er á komi skýrlega fram. Við beina málshöfðun má einnig nota samantektina til að undirbúa þann texta sem birtur er í *Stjórnartíðindum ESB* og *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB*.

8. Önnur skjöl sem lögð eru fram við beina málshöfðun

a. Greinargerð

Efnisreglur um greinargerð stefnda eru settar fram í 107. gr. málsmeðferðarreglnanna. Stefndi skal útlista öll málsatvik og lagarök sem honum er kunnugt um við frágang greinargerðarinnar. Lögmenn verða að hafa í huga að óheimilt er að hafa uppi nýjar málsástæður á öllum stigum máls, nema þær séu byggðar á staðreyndum eða lagarökum sem fyrst verður kunnugt um meðan á málsmeðferð stendur. Setji aðili nýja málsástæðu fram, á þessum grundvelli, á meðan á málsmeðferð stendur, má gefa gagnaðila færi á að svara henni (110. gr. málsmeðferðarreglnanna)

b. Andsvör og gagnsvör

Andsvörum er ætlað að svara málsástæðum og lagarökum sem fram koma í greinargerð. Forðast ber ónauðsynlegar endurtekningar á efni stefnu. Með sama hætti eru *gagnsvör* aðeins til þess ætluð að svara málsástæðum og lagarökum sem fram koma í andsvörum.

Ákvæði 108. gr. málsmeðferðarreglnanna eiga bæði við um andsvör og gagnsvör og að meginstefnu mega ekki koma fram nýjar málsástæður eða lagarök í þeim. Framlagning andsvara og gagnsvara er valkvæð og almennt er skriflegri málsmeðferð hraðað þegar aðilar láta hjá líða að leggja þau fram. Frestur til að leggja fram andsvör og gagnsvör er ekki framlengdur nema í undantekningartilvikum.

c. Samantekt málsástæðna og lagaraka

Líkt og við á um stefnu, er æskilegt að öllum málsskjölum fylgi samantekt, mest tvær blaðsíður að lengd, sem tiltekur málsástæður og lagarök sem byggt er á.

9. Ráðgefandi álit

Við meðferð mála um *ráðgefandi álit* hefst málsmeðferð fyrir dómstólnum á því að dómstóll í aðildarríki ákveður að beina spurningum um túlkun á EES-samningnum til dómstólsins (34. gr. SED). Form beiðinnar ræðst af innlendum málsmeðferðarreglum. EFTA-dómstóllinn hefur samið leiðbeiningar um beiðnir innlendra dómstóla um ráðgefandi álit.

10. Skriflegar athugasemdir við meðferð mála um ráðgefandi álit

Innan tveggja mánaða eftir að tilkynning berst frá skrifstofu dómstólsins um beiðni um ráðgefandi álit, hafa aðilar málsins fyrir dómstóli aðildarríkis, EFTA- og ESB-ríki, Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn ESB heimild til að skila skriflegum athugasemdum (20. gr. stofnsamþykktarinnar og 1. mgr. 90. gr. málsmeðferðarreglnanna). Upprunaleg útgáfa beiðinnar ásamt enskri þýðingu mun fylgja tilkynningunni. Ekki er unnt að framlengja tveggja mánaða frestinn, nema vegna *óviðráðanlegra aðstæðna*.

Tilgangur skriflegra athugasemda er að setja fram tæmandi, en í stuttu máli, þær röksemdir sem svör dómstólsins ættu að byggjast á. Það er mikilvægt að dómstólnum sé gerð grein fyrir atvikum máls þess sem rekið er fyrir dómstóli aðildarríkisins og þeim ákvæðum landslaga sem máli skipta fyrir túlkun EES-réttar. Í skriflegum athugasemdum skal einnig leggja til svör við spurningum þeim sem beint er til dómstólsins.

Aðilum er ekki heimilt að eigin að svara skriflega þeim skriflegu athugasemdum sem aðrir hafa lagt fram. Dómstóllinn getur farið fram á frekari skýringar eða upplýsingar frá aðilunum, ef hann telur slíkt nauðsynlegt, en að öðrum kosti verða andsvör við skriflegum athugasemdum annarra aðila aðeins gefin munnlega við flutning málsins. Í þeim tilgangi eru skriflegar athugasemdir sendar til allra aðila við lok skriflegs málflutnings, þegar skjöl hafa verið þýdd eftir þörfum.

Sterklega er mælt með því að skriflegum athugasemdum sé skilað, þar sem tími er mjög takmarkaður fyrir munnlegan málflutning. Þó er hverjum þeim aðila,

ríkisstjórn eða stofnun, þar með töldum þeim sem ekki hafa skilað skriflegum athugasemdum, heimilt að flytja mál sitt munnlega og þá sérstaklega að svara skriflegum rökum annarra.

Dómstóllinn hefur ákveðið að allar skriflegar athugasemdir í málum um ráðgefandi álit sem skráð eru eftir 1. janúar 2021 verði birtar á heimasíðu dómstólsins um leið og búið er að kveða upp dóm í málinu. Aðilum sem hafa lagt fram athugasemdir sem innihalda trúnaðarupplýsingar eða viðkvæmar upplýsingar, sem ekki skal opinbera, er boðið að skila útgáfu sem er laus við slíkar upplýsingar.

11. Flýtimeðferð

Forseti getur, í undantekningartilvikum, að beiðni innlends dómstóls eða annars málsaðilans, þegar um beina málshöfðun er að ræða, ákveðið – eftir að hafa hlýtt á gagnaðila (þegar um beina málshöfðun er að ræða) og framsögumann – að tiltekið mál skuli sæta flýtimeðferð. Sú ákvörðun er háð því að sérstaklega brýnt sé að skera úr um það mál sem bíður meðferðar dómstólsins með minnstri mögulegri töf. Áhrif þess að kveðið sé á um flýtimeðferð eru ákveðin frávik frá almennum ákvæðum málsmeðferðarreglnanna, sérstaklega hvað varðar tímafresti. Reglur um flýtimeðferð má finna í 98. og 99. gr. málsmeðferðarreglnanna (ráðgefandi álit) og í 116. - 119. gr. málsmeðferðarreglnanna (bein málshöfðun).

Við beina málshöfðun þarf beiðni um að mál sæti flýtimeðferð að koma fram í sérstöku skjali sem lagt er fram á sama tíma og stefna eða greinargerð, eftir því sem við á.

Við flýtimeðferð fær munnlegur málflutningur aukið vægi þar sem skriflegur málflutningur tekur almennt skemmri tíma.

12. Bráðabirgðaráðstafanir

a. Beiðni um bráðabirgðaráðstafanir

Beiðni um bráðabirgðaráðstafanir verður aðeins tekin til meðferðar þegar um beina málshöfðun er að ræða og aðeins ef hún kemur frá aðila máls sem

þegar hefur verið höfðað fyrir EFTA-dómstólnum og tengist þeirri málsmeðferð. Beiðni um bráðabirgðaráðstafanir skal setja fram í sérstöku skjali og verður beiðnin að fullnægja þeim skilyrðum sem koma fram í 140. gr. málsmeðferðarreglnanna. Beiðnina má leggja fram á sama tíma og stefnu í málinu.

Þar sem beiðni um bráðabirgðaráðstafanir er sett fram vegna brýnnar nauðsynjar er þess krafist að málsatvikum og lagarökum sem beiðnin byggist á sé lýst sé með gagnorðum hætti. Í beiðninni sjálfri ættu að koma fram öll þau atriði sem nauðsynleg eru til að forseti, eða dómstóllinn, eftir því sem við á, geti ákveðið hvort fallast eigi á þær ráðstafanir sem óskað er eftir.

Beiðni um bráðabirgðaráðstafanir skal birt gagnaðila og má gefa honum kost á að skila skriflegum eða munnlegum athugasemdum innan stutts frests. Forseti ákveður hvort málflytningur fari fram og hvort hann eða hún tekur ákvörðun um beiðnina eða vísar henni til dómstólsins.

Ef brýn nauðsyn krefur má forseti kveða upp úrskurð í málinu án tafar, þ.e.a.s. án þess að bíða eftir skriflegum athugasemdum frá gagnaðila. Í slíkum málum er úrskurðurinn til bráðabirgða þar sem málsmeðferð um bráðabirgðaráðstafanirnar er ekki á enda. Þá er gagnaðila gefinn kostur á að skila skriflegum athugasemdum. Málsmeðferðinni lýkur með (síðari) úrskurði sem bindur endi á málsmeðferðina og staðfestir eða breytir fyrri (bráðabirgða)úrskurði.

b. Málflytningur um beiðni um bráðabirgðaráðstafanir

Almennt er kallað eftir sjónarmiðum málsaðila og forseti hlýðir á málflytning þeirra áður en ákvörðun er tekin um bráðabirgðaráðstafanir. Slíkur málflytningur kann að vera óformlegri en aðalflytningur máls og jafnvel haldinn fyrir luktum dyrum.

Hafa verður í huga að málflytningi af þessu tagi er ekki ætlað að gefa aðilunum kost á að fjalla um efnisatriði málsins. Þá hefur úrskurðurinn aðeins áhrif til bráðabirgða og bindur ekki dóminn við ákvörðun um efni máls (4. mgr. 142 gr. málsmeðferðarreglnanna).

13. Meðalganga

Um meðalgöngu gilda ákvæði 36. gr. stofnsamþykktarinnar og 112. - 115. gr. málsmeðferðarreglnanna. Meðalganga er aðeins heimil við beina málshöfðun (meðalgönguaðili í máli sem rekið er í aðildarríki yrði sjálfkrafa talinn aðili máls,

en ekki meðalgönguaðili, þegar EFTA-dómstóllinn fjallar um beiðni um ráðgefandi álit). Kröfugerð meðalgönguaðila skal vera til stuðnings röksemdum annars hvors aðila málsins. Því verður meðalgönguaðili að ganga inn í málið eins og það liggur fyrir þegar hann gengur inn í það (112. gr. málsmeðferðarreglnanna).

Málsmeðferð í meðalgöngusök er tvíþætt og felur í sér:

- (a) kröfugerð þar sem óskað er leyfis til meðalgöngu;
- (b) þátttöku meðalgönguaðila í sjálfri málsmeðferðinni.

a. Krafa um meðalgöngu

Aðili sem óskar eftir því að gerast meðalgönguaðili í máli verður að leggja fram *kröfu um meðalgöngu*. Það skjal skal að geyma allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera forseta, eða í sumum tilvikum dómstólnum, kleift að ákveða hvort meðalgangan skuli heimiluð. Áður en úrskurður er kveðinn upp er aðilum gefinn kostur á að skila skriflegum athugasemdum og ef sérstaklega stendur á, munnlegum athugasemdum um það hvort leyfa eigi meðalgönguna. Á sama tíma kann dómstóllinn að óska eftir því að aðilar upplýsi um það hvort þeir fari fram á upplýsingaleynd (1. mgr. 115. gr. málsmeðferðarreglnanna).

b. Útreikningur frests til meðalgöngu

Stefnur eru birtar í *Stjórnartíðindum ESB* og *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB*. Meðalgöngustefnu skal leggja fram innan sex vikna frá birtingu tilkynningarinnar (1. mgr. 113. gr. málsmeðferðarreglnanna). Taka má til athugunar meðalgöngustefnu sem lögð er fram eftir að fyrrnefndur frestur er liðinn og áður en ákvörðun er tekin um að hefja munnlega málsmeðferð. Í því tilfelli er meðalgönguaðila aðeins heimilt að leggja athugasemdir sínar fram í munnlegum málflutningi (2. mgr. 113. gr. málsmeðferðarreglnanna).

c. Þátttaka meðalgönguaðila í málsmeðferðinni

Þegar meðalganga hefur verið heimiluð er meðalgönguaðila gefinn kostur á að skila *athugasemdum* sínum innan ákveðinna tímamarka. Eftir það má gefa aðilum málsins kost á að gera athugasemdir.

14. Hagnýtar upplýsingar

a. Inntak og uppsetning málsskjala

Formkröfur um framlagningu málsskjala koma fram í 54. gr. málsmeðferðarreglnanna. Grundvallarkröfur þær sem gerðar eru um efni

málsskjala eru að þau séu skýr, gagnorð og tæmandi. Forðast ber endurtekningar. Dómurinn ætti að geta gert sér ljós aðalatriði málsatvika og lagaraka eftir einn yfirllestur.

Þar sem málsskjöl eru lesin af fólki með ólíkan menningarbakgrunn og þau stundum þýdd yfir á ensku, ættu lögmenn að notast við skýrt orðalag og forðast stað- eða landsbundna málnotkun.

Æskilegt er að uppsetning málsskjala sé skýr og rökrétt og þeim ætti að skipta í hluta, með fyirsögnum og tölusettum málsgreinum. Auk yfirlits yfir málsástæður og lagarök kann efnisyfirlit að vera gagnlegt í flóknum málum.

b. Uppsetning stefnu

Í *stefnu* skal greina:

- hvers eðlis ágreiningsefnið er og hvaða ákvörðun leitað er eftir: málsókn til ógildingar á ákvörðun, beiðni um bráðabirgðaráðstafanir o.s.frv.;
- stutt samantekt staðreynda sem málið varða;
- tilvísanir til viðeigandi ákvæða EES-samningsins (meginmáls hans, bókana og viðauka við hann, auk þeirra gerða sem þar er vísað til);
- allar þær málsástæður og lagarök sem byggt er á í málinu;
- rök sem styðja hverja málsástæðu; hér skal vísa til fordæma dómstóls ESB og EFTA-dómstólsins;
- kröfugerð, sem byggist á málsástæðum og lagarökum.

Æskilegt er að uppsetning þeirra skjala sem svarað er sé fylgt í greinargerð og sambærilegum skjölum.

Tekið skal fram að í málsskjölum sem lögð eru fram við upphaf málsóknar (stefnu og greinargerð) skal greina frá öllum sönnunargögnum sem færð eru fram til stuðnings staðreyndum. Þó komast ný sönnunargögn að í andsvörum eða gagnsvörum (öndvert við það sem gildir um málsástæður og lagarök) ef tilgreindar eru gildar ástæður fyrir töfinni (1. mgr. 111. gr. málsmeðferðarreglnanna).

c. Uppsetning skriflegra athugasemda

Í skriflegum athugasemdum við *meðferð mála um ráðgefandi álit* skal greina:

- staðreyndir sem máli skipta og viðeigandi ákvæði innlendra réttarreglna;
- viðeigandi ákvæði EES-réttar;
- lagarök, þ. á m. tilvísanir til fordæma dómstóls ESB og EFTA-dómstólsins;

- tillögur að svörum dómstólsins við þeim spurningum sem dómstóll aðildarríkis hefur beint til hans.

Ef aðili fellst á þá málavaxtalýsingu sem fram kemur í beiðni um ráðgefandi álit nægir að vísa til beiðninnar.

d. Fylgiskjöl

Samkvæmt 5. mgr. 54. gr. málsmeðferðarreglnanna skulu skjöl sem aðilar byggja á fylgja málsskjölum. Dómstóllinn tekur ekki mið af skjölum sem lögð eru fram utan tilskilinna fresta, eða við munnlegan málflutning, nema sérstaklega standi á og að fengnu samþykki aðilanna.

Aðeins skjöl sem máli skipta og sem aðilarnir byggja rök sín á skulu fylgja málsskjölunum. Þegar um löng skjöl er að ræða er heimilt, og reyndar æskilegt, að láta útdrátt skjalsins fylgja málsskjali en leggja fram afrit af skjalinu öllu á skrifstofu dómstólsins.

Skv. 3. mgr. 29. gr. málsmeðferðarreglnanna, skulu öll fylgiskjöl sem lögð eru fyrir dómstólinn vera á ensku, eða ensk þýðing fylgja þeim, nema dómstóllin ákveði annað.

Lögmenn aðila mega í öllum tilvikum senda óopinberar þýðingar af málsskjölum og fylgiskjölum.

e. Tilvísanir

Þegar vísað er til dóma EFTA-dómstólsins, Dómstóls ESB, Almenna dómstóls ESB eða annarra dómstóla skulu lögmenn aðila vísa nákvæmlega til málsins, þ.á.m. tilgreina nöfn aðila, eða a.m.k. nafn stefnanda. Þá skal tilgreina nákvæmt blaðsíðutal og númer málsgreinar þegar kafli er tekinn upp úr dómi eða áliti lögsögumanns dómstóls ESB.

Til hagræðis mælir dómstóllinn með tilvísanakerfi sem stuðst er við í dómum EFTA-dómstólsins, dómstóls ESB og almenna dómstólsins. Til dæmis:

Fyrir EFTA-dómstólinn:

- Málsnúmer, nöfn aðila, málsgrein sem vísað er til (fyrri valkostur)
- Málsnúmer, nöfn aðila, dagsetning dómsuppkvaðningar, málsgrein sem vísað er til (seinni valkostur).

Dæmi: Mál E-2/18 *Concordia*, dómur frá 14. maí 2019, 47. mgr.

Fyrir Dómstól ESB: Mál *framkvæmdastjórnarinnar gegn Portúgal*, C-171/02, EU:C:2004:270.

Fyrir Almenna dómstólinn: Mál *CETM gegn framkvæmdastjórninni*, T-55/99, EU:T:2000:223.

Vísa má til skýrslna EFTA-dómstólsins vegna mála sem birt hafa verið í þeim.

Dæmi: Mál E-3/04 *Tsomakas and Others* [2004] EFTA Ct. Rep. 95, 28. mgr.

C. Munnleg málsmeðferð

1. Undirbúningur málflutnings

Þegar öll málsskjöl hafa verið lögð fram ákveður forseti dagsetningu fyrir munnlegan málflutning og dómritari sendir aðilum tilkynningu þar að lútandi.

Við undirbúning málflutnings kunna dómarar að senda aðilum og öðrum þátttakendum spurningar. Þeir kunna einnig að fara fram á að tiltekin atriði verði rædd nánar eða að málflutningurinn miðist við tiltekin lagarök.

Svör aðila við spurningum skulu veitt munnlega nema annað sé ákveðið.

Á þessu stigi málsmeðferðarinnar kann dómurinn að kveða á um undirbúningsráðstafanir (1. mgr. 56. gr. málsmeðferðarreglnanna).

Dómstóllinn tekur ekki við minnispunktum fyrir munnlegan málflutning sem málsskjölum.

2. Skýrsla framsögumanns – Bein málshöfðun

Þegar um er að ræða beina málshöfðun er er *skýrsla framsögumanns* send til allra aðila um það bil þremur vikum fyrir málflutning. Skýrslan er tekin saman af framsögumanni.

Eftir að aðilar hafa fengið skýrslu framsögumanns afhenta, eða í sumum tilvikum, greinargerð framsögumanns, er þeim, þegar það á við, gefinn kostur á að fullvissa sig um að skýrslan endurspegli sjónarmið þeirra, eins og þau birtast í málsskjölunum. Telji lögmenn aðila að svo sé ekki, ber þeim að tilkynna dómritara það og leggja til þær leiðréttingar og breytingar sem þeir telja nauðsynlegar eða viðeigandi. Það skal þó tekið fram að skýrsla framsögumanns er í eðli sínu skýrsla sem framsögumaður leggur fyrir hina dómara og því í valdi framsögumanns að ákveða hvort nauðsynlegt sé að breyta skýrslunni.

3. Tilgangur munnlegrar málsmeðferðar

Hvort sem um er að ræða beina málshöfðun eða beiðni um ráðgefandi álit er tilgangur hins munnlega hluta málsmeðferðinnar eftirfarandi:

- að svara skriflegum og munnlegum röksemdum sem komið hafa fram hjá öðrum aðilum;
- að ítreka í stuttu máli afstöðu aðila, ef það er talið nauðsynlegt, og leggja áherslu á þær meginröksemdir sem fram komu í skriflegum málflytningi;
- að skýra og fjalla nánar um flókin atriði málsins og leggja áherslu á meginatriði þess;
- að svara spurningum dómstólsins.

Við meðferð máls um beiðni um ráðgefandi álit gefst lögmonnum aðila kostur á að svara í stuttu máli þeim meginröksemdum sem komið hafa fram í skriflegum athugasemdum annarra.

Þó ber að líta á munnlega málsmeðferð sem *viðbót við skriflegan málflytning* og þar ætti ekki að endurtaka það sem þegar hefur komið fram skriflega.

4. Þátttaka í munnlegri málsmeðferð í gegnum fjarfundabúnað

Aðilar að aðalmeðferð, og hagsmunaaðilar, eins og þeir eru skilgreindir í f-lið, 1. mgr. 1. gr. málsmeðferðarreglnanna, sem taka þátt í munnlegri málsmeðferð í málum um beiðni um ráðgefandi álit, geta tekið þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Þegar um beina málshöfðun er að ræða geta hagsmunaaðilar tekið þátt í munnlegum málflytningi í gegnum fjarfundabúnað en stefnanda, stefnda og meðalgönguaðilum ber að flytja mál sitt í eigin persónu nema að forseti ákveði annað að undangenginni rökstuddri umsókn.

5. Framkvæmd munnlegrar málsmeðferðar

Áður en málflytningur hefst býður forseti lögmonnum aðila yfirleitt til stutts undirbúningsfundar til að ræða skipulag málflytningarsins. Við það tilefni kann dómstóllinn að benda á atriði sem óskað er eftir að fjallað verði um í munnlegum athugasemdum, eða gefur til kynna að tiltekna spurningar muni koma fram.

Almennt hefst málflytningur á því að forseti setur dómþingið og kynnir dóminn. Dómritari nefnir málið og framsögumanni er boðið að skýra frá því. Þá er lögmonnum boðið að flytja ræður, fyrst lögmanni stefnanda og síðan lögmanni stefnda, því næst taka umboðsmenn ríkisstjórna og stofnana til máls. Við meðferð mála um ráðgefandi álit fær stefnandi í málinu sem rekið er fyrir

dómstóli aðildarríkisins orðið fyrst, og svo koll af kolli. Málflutningnum lýkur alla jafna með stuttum lokaræðum þeirra lögmanna sem vilja taka til máls. Lögmenn ættu að vera viðbúnir því að dómara beini spurningum til þeirra á meðan á munnlegum málflutningi stendur.

6. Skorður við val á tungumáli o.fl.

Einungis lögmenn aðila í málum sem rekið er fyrir dómstóli sem beðið hefur um ráðgefandi álit eru undanþegnir notkunar ensku. Þar af leiðandi verða allir aðrir fyrirvarsmenn sem koma fyrir dómstólinn, þar á meðal umboðsmenn EFTA- og ESB-ríkja að nota ensku í skriflegum og munnlegum málflutningi sínum. Í raun er það þó svo að lögmenn aðila í málum um ráðgefandi álit notast nánast ávallt við ensku í munnlegum málflutningi. Þegar enska er notuð er komist hjá túlkun í rauntíma. Það gerir lögmanni kleift að ávarpa dómstólinn milliliðalaust, eiga í beinum samskiptum við dómara og svara spurningum þeirra. Það kemur einnig í veg fyrir að mikilvægar röksemdir týnist við túlkun.

Með hagsmuni skjólstæðinga sinna í huga, ættu lögmenn að leggja sig fram um að hafa málflutning sinn skýran og vel uppbyggðan, styðjast við einföld hugtök og stuttar setningar og sneiða hjá staðbundnu fagmáli eða óvenjulegu orðfæri.

Kjósi lögmaður að notast við fyrirfram ritaðan texta, verður að gæta sérstaklega að því að hafa setningar stuttar og að þær séu bornar fram á venjulegum talhraða.

Allur munnlegur málflutningur er tekinn upp en upptökurnar eru aðeins nýttar við störf dómstólsins.

7. Lengd málflutningsræðu

Almennt er lengd málflutningsræðu hvers aðila málsins *30 mínútur að hámarki*. Lengd ræðu annarra aðila er yfirleitt *15 mínútur að hámarki*. Þessi tímamörk eiga aðeins við um munnlegan málflutning og tekur ekki til þess tíma sem fer í að svara spurningum sem dómara bera upp. Lögmenn fá upplýsingar um úthlutaðan tíma áður en málflutningur fer fram.

Forseti getur veitt undanþágur frá þessari meginreglu ef aðstæður krefjast. Til að svo geti orðið verður að senda beiðni til dómritara þar sem fram kemur hversu langur tími er talinn nauðsynlegur og hvers vegna. Til að slík beiðni verði

tekin til meðferðar skal senda hana dómstólnum um leið og tilkynning um munnlegan málflutning hefur borist.

Þegar fleiri en einn lögmaður er í fyrirsvari fyrir aðila mega aðeins tveir þeirra flytja mál og samantölgð lengd málflutnings þeirra má ekki vera meiri en kemur fram hér að framan. Aðrir lögmenn en þeir sem ávarpa dómstólinn mega þó svara spurningum dómara og athugasemdum annarra málflytjenda.

8. Þörf á málflutningi

Með hliðsjón af tilgangi munnlegrar málsmeðferðar, eins og hún er skilgreind hér að framan, er það hlutverk lögmanna aðila að meta hvort flutningur málsins er nauðsynlegur eða hvort nægi að vísa til skriflegra athugasemda eða málsskjala. Dómstóllinn leggur áherslu á að ekki sé litið svo á að ákvörðun aðila um að falla frá málflutningi jafngildi því að aðili fallist á rök annarra aðila.

9. Málflutningur felldur niður

Dómstóllinn getur, að fengnu samþykki aðila, ákveðið að fella niður munnlegan hluta málsmeðferðar (70. gr. málsmeðferðarreglnanna).

10. Hagnýt ráð

a. Frestun málflutnings

Dómstóllinn fellst ekki á umsóknir um frestun málflutnings nema sérstakar ástæður mæli með slíkri frestun.

b. Klæðnaður

Lögmenn aðila skulu koma fyrir dómstólinn í skikkjum þeim sem þeir nota fyrir dómstólum aðildarríkis. Þeir sem koma fyrir dómstólinn sem umboðsmenn þurfa ekki að klæðast skikkju, en mega gera það ef þeir kjósa. Þetta á þó ekki við um málflutning um bráðabirgðaráðstafanir, þar þurfa hvorki dómara né lögmenn aðila að klæðast skikkjum. Dómstóllinn á engar aukaskikkjur til útláns og því verða lögmenn að koma með eigin skikkju í málflutninginn.

c. Ávarpsorð

Almennt er dómstóllinn ávarpaður með eftirfarandi hætti: „Mr/Madam President and Members of the Court“ („Hr./Frú forseti, dómara“) eða „My Lords and/or Ladies“ („æruverðugi dómur“). Þetta má í sumum tilvikum stytta í „the Court“ („dómstóllinn“), svo sem þegar sagt er „the Court will be aware of“ („dómstólnum er kunnugt ...“).

d. Staðsetning munnlegrar málsmeðferðar

Ekki er hægt að hýsa allan munnlegan málflytning á starfsstöð dómstólsins við 1 rue du Fort Thüngen í Lúxemborg (jafnan kölluð Hemicycle-byggingin). Málflytningur kann því að vera færður á annan stað, sem leigður er í þeim tilgangi, í Lúxemborg. Lögmenn þurfa því að gæta þess að skrá sérstaklega hjá sér nákvæma staðsetningu samkvæmt tilkynningu um munnlegan málflytning.

Á starfsstöð dómstólsins kunna lögmenn að verða beðnir um nafnskírteini eða annars konar skilríki við innganginn.

Vegna málflytnings með fjarfundabúnaði fá lögmenn nánari upplýsingar um slíkt fyrirkomulag frá skrifstofu dómstólsins áður en málflytningurinn fer fram.

